

Sveitarfélagið Skagafjörður
Sæunn Kolbrún Þórólfsdóttir
Skagfirðingabraut 17
550 Sauðárkrókur

Reykjavík, 13. júlí 2023
UST202307-091/A.B.
10.04.03

**Efni: Tillaga – Breyting á aðalskipulagi Skagafjarðar 2020 – 2035 –
Varmahlíðarskóli og nágrenni**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Sveitarfélagsins Skagafjarðar er barst 10. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um breytingu á aðalskipulagi Skagafjarðar 2020 – 2035 fyrir Varmahlíðarskóla og nágrenni.

Í greinargerð kemur fram breytingin felur í sér stækkun svæðis samfélagsþjónustu S-501 til vesturs úr 1,9 ha. í 3,3 ha. inn á hluta skógræktar- og landgræðslusvæðis SL-501 sem minnkar úr 39,6 í 39,3 og íþróttasvæði ÍP-501 sem minnkar úr 4 ha í 2,7. Afmörkun afþreyingar- og ferðamannasvæði AF-501 við vesturmörk íþróttasvæðis er einnig breytt lítilsháttar og stækkar það út 5,0 ha. í 5,1 ha.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir ofangreinda tillögu og gerir ekki athugasemdir við hana.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
sérfræðingur
Björn Stefánsson
sérfræðingur